

Læsisstefna Dalvíkurskóla

maí 2014

Stefna og áherslur í lestrarnámi og kennslu

Læsisstefna Dalvíkurskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta (2011:31-32) er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku þeirra í atvinnulífnum og frekara nám.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar. Samkvæmt Aðalnámskrá (2011:16-17) er meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Dalvíkurskóli leggur því mikla áherslu á að rækta læsi í víðum skilningi. Þá er m.a. átt við að nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði sér til gagns og gamans. Geti nýtt sér margvíslega miðla í þekkingarleit og úrvinnslu, lesið úr myndritum á ýmsu formi, myndað sér skoðanir út frá lesnu efni og tjáð sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt.

Sérstök áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun lestrar. Í fyrstu bekkjum grunnskólans er kennt eftir Byrjendalæsi sem er læsiskennsluaðferð sem leggur áherslu á fjölbreytta nálgun lestrar og ritunar. Fylgst er náið með framvindu lestrar og gripið strax inn í ferlið ef grunur leikur á að um lestrarerfiðleika sé að ræða. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem á þarf að halda. Í skólanum er lögð áhersla á að gera lestur sem sýnilegastan og verkefni sem tengd eru læsi prýða veggj skólans til að beina sjónum nemenda að læsi. Einnig er lögð mikil áhersla á samvinnu um lestur við heimili nemenda þar sem lestrarþjálfun fer fram í formi daglegs heimalestrar hjá nemendum í 1.-6. bekk. Þá er lögð áhersla á yndislestur í öllum bekkjum skólans og kennarar hvattir til að lesa fyrir nemendur.

Lögð er áhersla á alla færniþætti læsis þ.e. **færni í talmáli, lestri og ritun**. Lögð er áhersla á að nemendur skólans:

- Tileinki sér **öflugan orðaforða** og **góðan skilning** á orðum og hugtökum sem stuðlar jafnhliða að góðum talmáls- og lesskilningi,
- nái góðum tókum á **umskráningarfærni** hvað varðar hraða, sjálfvirkni og lestrarlag,
- öðlist færni í að **tjá sig** skýrt og greinilega á fjölbreyttan hátt bæði í talmáli og ritmáli.

Öllum kennurum skólans er ætlað að stuðla að öflugu læsi nemenda með kennsluháttum sínum í tengslum við allar námsgreinar. Þeir skulu kynna fyrir nemendum leyndardóma tungumálsins m.a. með því að ræða um innihald texta, merkingu einstakra orða og orðasambanda. Stefnt er á að allir kennarar skólans í bóklegum greinum vinni eftir kennsluaðferðinni Orð af orði frá haustinu 2012.

Markviss kennsla í læsi hefst í fyrstu bekkjum þar sem lögð er áhersla á grunnfærni nemenda en hún heldur áfram **alla skólagönguna í tengslum við allt skólastarf og allar námsgreinar.**

Hlutverk foreldra og heimila

Til að góður árangur náist verður kennsla og þjálfun í læsi að vera **samvinnuverkefni heimila og skóla.** Á heimilum barna er lagður grunnur að læsi þeirra í framtíðinni og sá áhugi á umræðum og lestri sem þau kynnast þar er mikilvægur fyrir lestraráhuga þeirra og allt nám. **Hlutverk foreldra er mikilvægt í lestrarnáminu.** Segja má að í skólanum séu lestraraðferðir lagðar inn og kenndar en þjálfunin fari fram á heimilum. Þjálfun á heimilum skiptir sköpum um að barn nái góðum tókum á lestri. Í byrjun lestrarnámsins þarf að gera ráð fyrir **15 – 30 mín. lestrarstund heima** á hverjum degi. Leggja verður áherslu á að lestrarstundin sé notaleg og ánægjuleg samlestrar- og samræðustund barns og foreldris. Mikilvægt er að haldið sé áfram að lesa saman og ræða lesefni heima þó að barnið hafi náð tókum á lestrarfærninni. Þannig geta heimilin stutt við að barnið þroski stöðugt með sér bættu færni í læsi, bæði hvað varðar mál og lestur.

Læsiskenndsla – kennsluáðferðir og þjálfun

Færni í **máltjáningu og málskilningi** annars vegar og færni í **lestri og lesskilningi** hins vegar eru eðlilega nátengdir þættir og verða varla aðskildir í umfjöllun um læsi. Í Dalvíkurskóla er unnið samhliða að því að efla færni nemenda á öllum aldursstigum í þessum þáttum.

Hvað **umskráningu og lesskilning** varðar er lögð áhersla á að náms- og kennsluhættir séu fjölbreyttir og einstaklingsmiðaðir, í samræmi við þroska og færni nemenda. Nemendur fá strax frá upphafi lesefni sem kveikir áhuga þeirra og þeir vinna með merkingarbæran gæðatexta.

Líta ber á lestrarnámið sem **samvinnuverkefni fremur en einstaklingsvinnu.** Vinnubrögð við lestrarkennsluna eiga að stuðla að **samvinnu, samræðum og munnlegri umfjöllun** af ýmsu tagi. Þannig er ýtt undir að nemendur **tileinki sér nýjan orðaforða, betri skilning á mæltu máli og lesefni, aukna leikni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli** auk þess að fá þjálfun í samskiptum og samvinnu. Nemendur eiga að fá fjölbreytt tækifæri til að ræða les- og námsefni sitt, segja frá því eða kynna það auk þess að vinna með það á annan hátt.

Í 1. – 3. bekk er lagður grunnur að færni nemenda í málskilningi, máltjáningu (mállegri færni) og annarri læsistengdri færni. Nálgun við læsiskenndsluna er heildstæð, samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis.

Í öllum árgöngum á áfram að leggja áherslu á markvissa kennslu í lestri, mál- og lesskilningi og tjáningu auk stöðugar þjálfunar þessara þátta. En áherslur og aðferðir í kennslunni breytast eðlilega með aukinni færni nemenda. Leita á eftir samvinnu við heimili um lestur og verkefnavinnu af ýmsu tagi.

Lestrarkennsluaðferðir, lestrarþjálfun	1. - 3. bekkur	4. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Þjálfun hljóðkerfisvitundar				
Unnið með þulur, vísur, söng og rím				
Stafainnlögn				
Hljóðaaðferð				
Sundurgreinandi aðferð				
Heildaraðferð, orðaaðferð				
Samvirk aðferð				
Hermilestur				
Kórlestur				
Upplestur fyrir kennara				
Lestrarþjálfun heima				
Lestrarþjálfun í námsforritum				
Paralestur				
Samlestur í hópum				
Upplestur, framsögn				
Leiklestur, framsögn				
Leitarlestur				
Lestur myndrita, korta o.þ.h.				
Lestur ólíkra textagerða				
Framsagnarþjálfun				
Skimunarlestur, yfirlitslestur				
Frjáls lestur, í skóla og heima - Yndislestur				

Mál- og lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun	1. bekkur	2. - 3. bekkur	4. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Kennari les upp gæðatexta (bókmenningar, fræðitexta), nemendur hlusta og rætt er um efni hans				
Samlestur í hópum og umræður um textann				
Merkingar orða leitað út frá samhengi í texta				
Kennd merking og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka				
Kennsla orðaforða í gegnum umræður og lestur fjölbreytts texta s.s. bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita				
Kenndur lestur stærðfræðitákna og skilningur á þeim þjálfaður				
Sjálfstæð vinna skv. skriflegum fyrirmælum				
Munnleg og skrifleg lesskilningsverkefni				
Munnleg og skrifleg úrvinnsla texta af ýmsu tagi				
Svara leitað í texta af ólíkri gerð				

Unnið að lausn orðadæma, gáta og þrauta				
Gagnvirkur lestur				
Unnið með vísur og ljóð				
Kennsla bókmenntahugtaka				
Myndræn útfærsla á lestexta				
Glósuvinna nemenda, útskýring orða og hugtaka				
Útdrættir úr texta				
Munnlegar frásagnir og endursagnir				
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, glæruefni				
Hópumræður, málfundir, þjálfun í rökstuðningi				
Leikræn tjáning				

Lestraráhugi – Yndislestur – Lestur bókmennta

Rannsóknir hafa sýnt að áhugi barna og ungmenna á lestri hefur mikið forspárgildi um námsgengi þeirra. Góð lestrarfærni er nauðsynleg forsenda fyrir áhuga á lestri. En ekki er nægilegt að nemendur tileinki sér þá færni. Stöðugt þarf að vinna með ýmsu móti að því að **efla og viðhalda áhuga nemenda** á lestri, til **yndis, afþreyingar og fróðleiks**. Stuðla skal að því með margvíslegum hættiað lestur verði sjálfsagður þáttur í lífi nemenda. Þeir þurfa að skynja mikilvægi lestrar og læra að njóta þess að lesa.

Í Dalvíkurskóla er lögð áhersla á að **námsumhverfið sé örvandi** og hvetji til lestrar. Bækur eiga að vera sýnilegar í kennslustofum og aðgengilegar nemendum og vekja með þeim áhuga. Ýmis konar upplýsingar á spjöldum, orðaveggir, orðmyndir, verkefni nemenda og fleira þess háttar á að sjást á veggjum skólastofa og á göngum skólans.

Frjáls lestur, yndislestur, er hluti af daglegu skólastarfi í Dalvíkurskóla en nemendur lesa bækur að eigin vali. Í 1. – 4. bekk á að vera daglegur yndislestur en í 5. – 10. bekk eiga nemendur að lesa sér til yndis ákveðna tíma vikunnar. Að auki á að hvetja nemendur með ýmsu móti til að lesa heima. Foreldrar yngri barna eru hvattir til að lesa reglulega með börnum sínum og fyrir þau. Kennarar eiga að hvetja til **umræðna** um það sem nemendur lesa. Nemendur allra árganga eiga reglulega að fá tækifæri til að segja **frá bókum** sem þeir hafa lesið eða kynna þær með öðru móti. Kennarar eiga jafnframt að segja sjálfir frá bókmenntum jafnt sígildum sem nýlegum og öðru lesefni sem þeir hafa lesið með það í huga að kveikja áhuga nemenda á því og örva þá til lestrar. Mælst er til þess að kennarar lesi einnig bækur að eigin vali á sama tíma og nemendur.

Kennarar í 1. – 7. bekk eiga reglulega að lesa **sögubækur upphátt** fyrir nemendur sína. Í 8. – 10. bekk eiga íslensku- og tungumálakennarar einnig að lesa upp bókmenntatexta fyrir nemendur og/eða segja munnlega frá efni bóka. Í tengslum við upplestur kennara og kynningar nemenda gefast góð tækifæri til umræðna um söguefnið, bókmenntahugtök og aðrar bækur.

Í 2. – 10. bekk á reglulega að efna til lestrarátaks. Það fyrsta á að hafa að hausti t.d. í tvær til fjórar vikur, til að nemendur rifji upp lestrarfærni sína sem oft vill hraka yfir sumarið. Síðan á

að endurtaka lestrarátak á skólaárinu, misoft eftir því hve nauðsynlegt er að efla lestrarfærni eða auka lestraráhuga nemenda. Nemendur á að hvetja til að lesa sem mest t.d. með því að gera

árangur þeirra sýnilegan, hengja upp á veggjum þeirra bóka eða blaðsíðufjölda sem þeir lesa, setja upp súlurit o.fl. þess háttar.

Nemendur í yngri bekkjum eiga að **heimsækja Bæjarbókasafnið** einu sinni til tvisvarsinnnum á hverjum vetri. Þar eiga þeir að fá fræðslu safnvarðar um bókasöfn og fá bækur að láni.

Nemendur á öllum aldri eiga að lesa og vinna af og til með **efni dagblaða**. Á miðstigi á að fara fram markviss kennsla í dagblaðalestri og vinna með hugtök sem tengjast dagblöðum og tímaritum sérstaklega.

Nemendur 7. bekkja taka þátt í **Stóru upplestrarkeppninni** árlega. Í tengslum við hana þarf að leggja mikla áhersla á markvissa kennslu í upplestri og framsögn.

Skólasafnið á að vera hjarta skólans og öflug starfsemi þess er mikilvæg fyrir allt skólastarfið. Ekki síst hefur skólasafnið mikilvægt hlutverk hvað það varðar að **kveikja, örva og viðhalda áhuga** nemenda á lestri. Nemendur allra árganga eiga að fá aðstoð, hvatningu og ráðgjöf safnkennara við val á frjálsum lesefni við hæfi. Lesefnið getur ýmist verið að eigin vali eða í samráði við umsjónarkennara t.d. þegar lestrarátak stendur yfir.

Safnkennari á að sjá um að kynna bókakost safnsins fyrir nemendum og starfsmönnum.

Á safninu á að vera til listi yfir áhugaverðar skáldsögur við hæfi nemenda í 8. – 10. bekk sem hafa verið flokkaðar eftir efni þeirra og þyngdarstigi.

Safnkennari á að ræða við nemendur um efni þeirra bóka sem þeir lesa og reyna að kveikja áhuga þeirra á lestri fjölbreyttra bóka, jafnt klassískra bókmennta sem nýju efni.

Nemendum í 1. – 7. bekk á að bjóða á skólasafnið reglulega yfir skólaárið til að hlusta á ævintýri, skáldsögur og ljóð og ræða um bókmenntir.

Á hverjum vetri á safnkennari að skipuleggja **heimsóknir rithöfunda og/eða skálda** í skólann. Þau lesa upp úr verkum sínum og ræða við nemendur um bækur sínar og störf. Fer upplesturinn ýmist fram á sal skólans, á skólasafni eða í kennslustofum.

Lestur námsgreina

Þegar nemendur hafa tileinkað sér nokkra færni í lestri fara þeir að nýta hana til **upplýsingalestrar** meðal annars lestrar námsgreina s.s. stærðfræði, bókmennta, ljóða, samfélagsfræði, náttúrufræði og tungumála.

Í tengslum við lestur námsgreina og upplýsingaöflun á að kynna nemendum **mismunandi textagerðir**. Þeim á jafnframt að kenna aðrar lestraraðferðir en **nákvæmnislestur** og skapa á nemendum tækifæri til að fá æfingu í að beita þeim og tileinka sér þær. Má þar nefna **leitarlestur** (leitað eftir ákv. atriðum í texta), **yfirlitslestur** og **skimun lesefnis** (lesið hratt yfir og innihald textans meðtekið í grófum dráttum).

Gegnum lestur námsgreina **eflist orðaforði** nemenda bæði almennt og að því er snýr að hverju fagi fyrir sig. Til efla orðaforða og þjálfna rétta notkun hans eiga kennarar að skapa tækifæri til samræðna um faggreinatengt efni þar sem nemendur vinna fjölbreytt verkefni.

Mikilvægt er að vinna með íslensku sé ávallt lifandi og gædd fróðleiksporsta þar sem reynt er að efla áhuga nemenda á skrýtnum, nýjum eða skemmtilegum orðum og merking þeirra og notkun rædd.

Foreldrar nemenda eru hvattir til að lesa með börnum sínum námsgreinar og ræða við þá um það sem til umfjöllunar er í námsbókum og verkefnavinnu hverju sinni.

Skólasafnið gegnir afar mikilvægu hlutverki þegar kemur að lestri faggreina og faggreinatengdri vinnu. Safnið á að vera vinnustaður nemenda sem vinna verkefni og leita heimilda. Safnkennari á að kenna nemendum umgengni á bókasafni og leiðbeina þeim við verkefnavinnu.

Safnkennari á að kenna nemendum á **uppröðunarkerfi safnsins** og aðstoða þá í heimildaleit. Hann á að þjálfa nemendur í **notkun safnsins, vinnu á safni** og **gagnrýnni heimildaleit** bæði í bókum og á neti.

Lestur námsgreina, kennsluaðferðir og þjálfun	1. bekkur	2. – 3. bekkur	4. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Skóla-safn
Samlestur					
Upplestur kennara					
Umræður					
Hugtök og orð sem tengjast fagi kennd					
Gagnvirkur lestur					
Unnið að lausn orðadæma, gáta og þrauta					
Svara leitað í texta, leitarlestur					
Verkefni sem reyna á orðaforða og hugtakaskilning unnin					
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, glærुकynningar (Power Point, Prezi o.fl)					
Skrifleg próf úr námsefni					
Lestur myndrita og upplýsingaleit úr þeim kennd					
Yfirlitslestur kenndur					
Upplýsingaöflun á neti, heimildaleit kennd					
Upplýsingaefni í bókum, heimildaleit kennd					
Notkun orðabóka kennd					
Notkun leitarsíða kennd s.s. Orðabók Háskólans, Vísindavefurinn, Google o.fl.					
Þjálfun í gagnrýnni notkun á upplýsingasíðum á neti.					
Kennt á Dewey uppröðunarkerfið. Unnin verkefni sem þjálfa notkun þess.					

Ritun og skrift

Til að geta tjáð sig skriflega svo vel fari þarf einstaklingur að búa yfir margs konar færni. Má þar nefna umskráningarfærni, skilning á tungumálinu, færni í að draga til stafs eða skrifa á tölvu, kunna að byggja upp texta á rökréttan hátt og beita blæbrigðaríku máli.

Grunnur að færni í ritun er lagður strax á heimili barna með þjálfun þeirra í talmáli og með því að lesa fyrir þau. Í Dalvíkurskóla hefst kennsla í ritun um leið og kennsla í lestri, unnið er að **umskráningu jafnt í báðar áttir** þ.e. frá staf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til stafs (ritun). Nú er unnið að byrjendakennslu í ritun skv. vinnulagi Byrjendalæsis.

Í öllum árgöngum á að leggja áherslu á að **kenna** nemendum alla færni sem ritun krefst og leggja fyrir þá verkefni sem **þjálfu þá færni markvisst**. Áherslur og aðferðir í kennslunni breytast með aukinni færni nemenda. Leitað er eftir samvinnu við heimili um verkefnavinnu af ýmsu tagi.

Ritun, skrift, kennsluáðferðir og þjálfun	1. bekkur	2. – 3. bekkur	4. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Skóla-safn
Rétt grip um skriffæri þjálfað					
Stafdráttur kenndur, ítölsk skrift					
Skriftaræfingar					
Orðhlutaaðferð					
Uppbygging setninga kennd					
Greinarmerkjasetning					
Málfræði- og stafsetningarkennsla					
Ýmis ritunarverkefni unnin					
Fingrasetning á lyklaborð æfð					
Kennt á ritvinnsluforrit					
Ritun í heimavinnu					
Myndasögur út frá texta					
Ljóðagerð					
Hugarkort (mind map)					
Kennd uppbygging sögu					
Ritunarrámmar nýttir og kennd notkun þeirra					
Mismunandi textaskrif kennd: Smásögur, ævintýri, ljóð, blaðgreinar, leikrit, samtöl					
Frjáls textaskrif					
Bókmenntaritgerðir					
Heimildaritgerðir, tengdar námsgreinum					
Bekkjarblað unnið					
Samkeppni grunnskólanna í sögugerð					
Endursagnir					
Útdrættir					
Röksemdafærsluritun					
Stílfærsluritgerð (nemendur setja sig inn í mismunandi aðstæður)					
Gagnrýni					

Viðmið

Markmið Dalvíkurskóla í læsi byggjast á aðalnámskrá grunnskóla í íslensku.

Stefnt er að því að allir nemendur nái tókum á:

- **Hraðri og lipurri umskráningarfærni** (sjá nánar hér að neðan),
- **sveigjanlegu lestrarlagi og skýrri og góðri framsögn,**
- **70 – 100% lesskilningi** úr aldurssvarandi texta,
- færni til að **tjá sig skýrt og með bælbrigðum, bæði í töluðu og rituðu máli.**

Viðmið sem stefnt er að varðandi leshraða að vori, lesin atkvæði eða orð á mínútu:

1. bekkur: um 50 orð á mín (eða 50 - 90 atkv. á mínútu í raddlestri).
2. bekkur: um 85 orð á mín (eða 90 – 150 atkv. á mínútu í raddlestri).
3. bekkur: um 105 orð á mín (eða 150 – 170 atkv. á mínútu í raddlestri).
4. bekkur: um 125 orð á mín (eða 160 – 200 atkv. á mínútu í raddlestri).
5. bekkur: um 140 orð á mín (eða (200 – 250 atkv. á mínútu í raddlestri).
6. bekkur: um 150 orð á mín (eða (220 – 250 atkv. á mínútu í raddlestri).
7. bekkur: um 160 orð á mín (eða (250-280 atkv. á mínútu í raddlestri).
8. bekkur: um 180 orð á mín (eða 300 atkv. á mínútu í raddlestri).
9. bekkur: um 180 orð á mín (eða 300 atkv. á mínútu í raddlestri).
10. bekkur: um 180 orð á mín (eða 300 atkv. á mínútu í raddlestri).

Ath. Að meðaltali er 1,7 atkvæði í orði í íslensku.

Námsmatsaðferðir og skráning niðurstaðna

Í Dalvíkurskóla er lögð áhersla á **fjölbreyttar námsmatsaðferðir**. Kennarar eiga að gera nemendum ljós markmið námsins og gæta þess að ávallt sé **fyllsta samræmi milli markmiða námsins, náms- og kennsluhátta og aðferða við námsmat**.

Stöðumat á lestarfærni (sjónrænn orðalestur, leshraði texta og lesskilningur) á að fara fram við annaskipti og að vori. Þegar nemendur eru langt frá settum viðmiðum skólans að vori á að bregðast við með sérstöku lestrarátaki og/eða sérkennslu í byrjun næsta skólaárs. Á námsmatsblaði á að birta hve mörg atkvæði/orð nemandi les á mínútu í upplestri. Leshraði þeirra nemenda sem lesa 300 atkv. eða meira á mínútu er aðeins metinn að vori. Að vori er metin framsögn þeirra nemenda í 4. – 9. bekk sem lesa meira en 200 atkv. á mínútu.

Símat á að fara fram allt skólaárið. Meta á vinnu nemenda, skil þeirra á verkefnum og framfarir þeirra.

Skrifleg og/eða munnleg próf á að leggja fyrir við annarlök um miðjan vetur og að vori. Slík próf eru jafnframt lögð fyrir þegar meta þarf hvernig nemendur hafa tileinkað sér ákv. kunnáttu eða færni sem kennd hefur verið. Skrifleg próf geta auk hefðbundinna prófa verið t.d. í formi **samvinnuprófa** eða **heimaprófa**.

Í tengslum við frásagnir nemenda og kynningar af ýmsu tagi á að kenna nemendum **jafningjamat** og þjálfu þá í að **meta raunhæft og af sanngirni** vinnu/framsögn samnemenda.

Námsmat	1. bekkur	2. - 3. bekkur	4. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Stafakönnun, heiti stafa og hljóð, haust og vor					
Hugtakaskilningur, hljóðkerfisvitund, haust					
Leshraðapróf – orðalestur og texti, annaskipti og vor					-9.b.
Leshraðapróf - hljóðlestur, við annaskipti					
Framsagnarpróf, lestrarlag - upplestur, vor			Nem. yfir 200 atkv. á mín.		
Lesskilningsprófið Orðarún við annaskipti.		Lagt fyrir í 3. – 8. bekk			
Stöðupróf Leið til læsis í orðskilningi og lesskilningi			Nem. í 5. – 9, bekk í áhættuhópi		
Skrift – verkefni / símat					
Skriftarpróf að vori			-4. b.		
Stafsetning - verkefni/símat					
Ritun – verkefni /símat					
Ritunar- (ritgerða)próf					
Verkefnavinna metin - símat					
Samvinnuverkefni metin - símat					

Skráning niðurstaðna

- Umsjónarkennarar eiga að skrá niðurstöður úr **lesskilningsprófunum Orðarúnu** á meðfylgjandi eyðublöð, hlutfall (%) réttra svara í lesskilningsprófum.
- Umsjónarkennarar skrá niðurstöður úr eftirfylgni- og stöðuprófum Leið til læsis samkvæmt fyrirmælum Námsmatsstofnunar þegar ástæða er til að fylgjast með framförum, annars eru skráður atkvæða-/orðafjöldi.
- Halda á utan um niðurstöður annars námsmats í læsi í Mentor. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á þeirri skráningu.

Kennslugögn

Við kennslu í læsi er mikilvægt að viðhafa **fjölbreytta kennsluhætti** og nýta **margvísleg kennslugögn**. Hafa verður fjölbreytileika nemendahópsins í huga við val á námsgögnum og leita allra leiða til að mæta þörfum hvers og eins.

Í Dalvíkurskóla eiga kennarar að nýta sem **fjölbreyttast lesefni** til kennslunnar. Auk lestrarbóka og annarra námsbóka á að nýta vel **bókakost skólasafnsins, tímarit, dagblöð, bækur í eigu nemenda, vefsíður** og annað sem til fellur.

Lestrarforrit og forrit sem þjálfar og styðja við ritunarfærni, þar af mörg gagnvirk forrit, eru aðgengileg nemendum í tölvum skólans. Þau á að nýta til kennslu jafnt í lestri sem ritun.

Ýmis konar hlustunarefni sem er aðgengilegt á netinu á að nýta til að þjálfar nemendur í hlustun og sem grundvöll umræðna. Kennarar eiga ætíð að benda nemendum með lestrarörðugleika og foreldrum þeirra á möguleika þess að nýta sér hljóðefni, sjá hér á eftir.

Á veggjum kennslustofa yngri nemenda eiga að hanga spjöld og myndir sem minna á stafi

og hljóð þeirra, stafdrátt, stafrófið o.fl. þess háttar. Spjöld með bókstöfum eiga að vera aðgengileg fyrir börn á yngsta stigi – lítil spjöld sem festa má á borðið þeirra. Nemendur á öllum aldurstigum eiga að hafa greiðan aðgang að reglum sem lúta að ritun, bæði hvað varðar málfræði, stafsetningu, greinarmerkjasetningu, uppbyggingu ritverka, ritunarramma o. fl.

Skimanir og greiningar

Árlega á að leggja fyrir **próf og skimanir** í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort nemendur taki eðlilegum framförum í læsi. Niðurstöður námsmats og skimana á ávallt að skoða með það að markmiði að meta hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við árangri nemenda í læsi, jafnt einstaklinga sem hópa. Að auki á að nýta niðurstöður **samræmdra prófa** í íslensku (hlustun, lesskilningur og ritun) til að meta læsisfærni nemenda.

Lista til að meta sjónrænan orðaforða, leshraðapróf (hljóðlestur og/eða raddlestur, orðskilnings- og lesskilningspróf á að leggja fyrir alla nemendur sbr. töflu hér að framan. Nemendur sem víkja verulega frá viðmiðum skólans eiga strax að hausti að fá sérstaka lestrarátaksáætlun til að vinna eftir í u.þ.b. 3. vikur í samvinnu við heimili. Að því loknu er leshraði metinn á ný og frekari viðbrögð ákveðin.

Bregðast á við þegar nemendur sýna slaka færni miðað við meðaltal aldurshóps síns og/ eða viðmið skólans um árangur. Skipuleggja þarf og bjóða þeim nemendum **sérstakan stuðning eða sérkennslu** ýmist til lengri tíma eða tímabundið. Leita á eftir samvinnu við heimilin um þjálfun í færniþáttum læsis þar sem **bestur árangur næst ef unnið er jafnhliða að þjálfuninni á heimili nemenda og í skólanum.**

Skimanir

- 1. bekkur: **Leið til læsis í október** (þekking á bókstöfum og hljóðum, hugtakaskilningur og hljóða- og hljóðkerfisvitund). Leið til læsis eftirfylgniþróf (sjónrænn orðaforði og umskráning) á vorönn. Lagt fyrir samkvæmt fyrirmælum Námsmatsstofnunar í samvinnu umsjónarkennara og sérkennara.
- 2. – 4. bekkur: **Leið til læsis** (sjónrænn orðaforði og umskráning) við annaskipti. Lagt fyrir við annaskipti samkvæmt fyrirmælum Námsmatsstofnunar í samvinnu umsjónarkennara og sérkennara.
- 5. bekkur: **Leið til læsis** stöðupróf fyrir allan bekkinn (sjónrænn orðaforði, lesfimi, orðskilningur og lesskilningur). Lagt fyrir við annaskipti samkvæmt fyrirmælum Námsmatsstofnunar í samvinnu umsjónarkennara og sérkennara.
- 6. - 9. bekkur: **Leið til læsis** stöðupróf er lagt fyrir þá nemendur sem ekki náðu 45. hundraðsröðun á síðasta eftirfylgni- eða stöðuprófi í 5. bekk. Kannaðir eru slakir þættir sem geta verið; sjónrænn orðaforði, umskráningarfærni, orðskilningur eða lesskilningur. Lagt fyrir við annaskipti samkvæmt fyrirmælum Námsmatsstofnunar
- 3. - 10. bekkur: **Mat á stafsetningu** við annaskipti og að vori. Lagt fyrir í samvinnu umsjónarkennara og sérkennara.

Samræmd könnunarpróf

- 4. bekkur: Íslenska; hlustunar- og lesskilningur og ritun
- 7. bekkur: Íslenska; lesskilningur og ritun
- 10. bekkur: Íslenska; lesskilningur og ritun

Niðurstöður prófanna eru nýttar til áframhaldandi vinnu með þætti sem má bæta.

Greiningar

- **Hljóðfærni**, greiningartæki til að greina hljóðkerfisvanda. Lagt fyrir þá nemendur í 1. bekk sem, samkvæmt prófinu Leið til læsis, teljast vera í áhættuhópi vegna lesblindu. Lagt fyrir af sérkennara.
- **Logos**, greiningartæki fyrir lestrarörðugleika: Einstakir nemendur í 3. bekk eða síðar skimaðir ef grunur kemur upp um dyslexíu eða aðra sértæka lestrarörðugleika. Frekari greining er gerð ef þurfa þykir.
- **GRP 14H**: Lagt fyrir í 9. bekk á haustönn með það að markmiði að leita uppi nemendur með lestrarörðugleika sem ekki hafa áður verið greindir.
- **TOLD-málþroskapróf**: Einstaka nemendur sem grunur leikur á að séu með frávik í málþroska eru skimaðir með prófinu. Lagt fyrir af sérkennara.

Ef grunur leikur á verulegu fráviki í málþroska á að vísa nemanda til **talmeinafræðings**.

Nemendur með sértæka erfiðleika

Allir kennarar eiga að hafa sérstakar þarfir nemenda sinna í huga við skipulag kennslunnar og leita leiða til að mæta þörfum hvers og eins. Í Dalvíkurskóla á að leita leiða til að **öllum nemendum sé gert kleift að vinna sem mest í hópi annarra nemenda**. Í því skyni á að:

- **Aðlaga læsistengt námsefni** að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu.
- **Nýta tölvur** við nám og kennslu. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þjálfa færni á ákv. þáttum í námsforritum og vinna ýmis verkefni á tölvur.
- **Nýta hlustunarefni** í kennslustofum. Hlustunarefni á að kynna fyrir nemendum og foreldrum þeirra strax á yngsta stigi og hvetja þá til að meta hvort hlustunarefni henti þeim.
- **Aðlaga námsmat** að þörfum/færni nemenda og bjóða þeim upp á sérstaka aðstoð við próftöku.
- Skipuleggja starf **stuðningsfulltrúa** svo að þeir nýtist vel til aðstoðar nemendum í bekk.

Auk þess á að bregðast við sértækum erfiðleikum sbr. eftirfarandi:

- Nemendum í 4. – 10. bekk sem eiga við sértæka erfiðleika að stríða er markvisst kennt **að nýta sér hjálpargögn** s.s. hlustunarefni, orðabækur og leiðréttingarforrit í tölvum. Rætt er við þá um mismunandi leturgerðir og liti á bakgrunni/pappír. Þeim er bent á að prófa sig áfram með litaglærur. Sérkennarar og/eða námsráðgjafi sinna þessu verkefni.
- **Sérkennsla** fer fram í litlum námshópum, ýmist í bekk, utan bekkjar eða í námsveri.

- Í undantekningartilfellum er unnið með 1 – 2 nemendur við að þjálfá ákv. færni sem þeir hafa ekki náð tökum á. Er þá ýmist unnið inni í bekkjarstofu, afsíðis eða í námsveri eftir eðli þjálfunarinnar og einbeitingarfærni nemandans.
- Nafn og kennitala nemenda sem greindir eru með lestrarörðugleika er send á **Blindrabókasafn Íslands**. Það veitir þeim aðgang að safninu. Nemendur og foreldrar þeirra eru hvattir til að nýta sér þjónustu þess.

Viðmið um sérkennslu og stuðning eru:

1.– 3. bekkur

Nemanda í 1. – 3. bekk sem ekki hefur náð viðunandi mállegri færni eða viðunandi árangri í lestrarkunnáttu (umskráning, hraði og lesskilningur) eða ritun (stafagerð, skrift og stafsetning)

býðst sérkennsla inni í bekk, í fámennum hópi nemenda eða námsveri. Megináhersla er lögð á að örva mállega færni, kenna tækni við umskráningu, lesskilning, stafsetningu og stafagerð. Leitað er eftir samvinnu við heimili nemenda til að sem bestur árangur náist.

4. – 7. bekkur

Nemanda í 4. – 7. bekk sem ekki hefur náð viðunandi mállegri færni eða viðunandi árangri í lestrarkunnáttu (umskráning, hraði og lesskilningur) eða ritun (stafagerð, skrift, stafsetning og frjáls ritun) býðst sérkennsla í þessum þáttum inni í bekk, í fámennum hópi nemenda eða námsveri. Leitað er eftir samvinnu við heimili nemenda til að sem bestur árangur náist.

8. – 10. bekkur

Nemanda í 8. - 10. bekk sem ekki hefur náð viðunandi mállegri færni eða viðunandi árangri í lestrarkunnáttu (umskráning, hraði og lesskilningur) eða ritun (stafagerð, skrift, stafsetning og frjáls ritun) býðst sérkennsla í þessum þáttum einstaklingslega, í fámennum hópi nemenda eða í námsveri. Leitað er eftir samvinnu við heimili nemenda til að sem bestur árangur náist.

Nemendur með íslensku sem annað mál

Almennt er stefnt að því að ***nemendum með íslensku sem annað mál sé gert kleift að vinna sem mest í hópi íslenskumælandi nemenda***. Í því skyni á að:

- **Aðlaga** læsistengt námsefni ***að þeirra færni***, bæði í skóla og heimavinnu. Leggja á áherslu á að efla orðaforða nemenda og hugtakaskilning í gegnum námsefni hvorrar greinar.
- Leggja mikla áherslu á ***daglegan lestur þeirra á íslensku í skólanum*** og nýta mannafla skólans sem best í því skyni.
- Leggja áherslu á ***samvirkt nám, samvinnu við aðra nemendur*** sem krefst samræðna og örvar færni í talmáli.
- Hvetja foreldra nemenda til að ***kenna þeim að lesa á sínu móðurmáli*** og/eða hvetja nemendur til að ***lesa efni á móðurmáli heima og í skóla***.
- **Nýta tölvur** við nám og kennslu. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þjálfá færni í

ákv. þáttum í *námsforritum, lesa og nýta sér vefsíður á sínu móðurmáli* og vinna ýmis verkefni á tölvur.

- Kynna *hljóðbækur* fyrir nemendum og foreldrum þeirra strax á yngsta stigi. Hvetja þá til að nýta sér hlustunarefni hafi þeir ekki náð góðum tókum á lestri á íslensku.
- Skipuleggja starf *stuðningsfulltrúa* þannig að þeir nýtist vel til aðstoðar nemendum í bekk eftir þörfum.
- **Aðlaga námsmat** að þörfum/færni nemenda og bjóða þeim upp á sérstaka aðstoð við próftöku.

Auk þess á að bjóða þeim nemendum sem eru nýkomnir til landsins (1-2 ár) og/eða eiga í miklum erfiðleikum með að ná tókum á íslensku upp á sérkennslu í íslensku talmáli og lestri í fámennum hópi. Er þá ýmist unnið inni í bekkjarstofu eða afsíðis eftir eðli þjálfunarinnar og einbeitingarfærni nemandans.

Símenntun kennara

Kennurum skólans hefur undanfarin skólaár verið boðið upp á símenntun sem styður við lestrarstefnu skólans. Þeim hefur staðið til boða að sækja kynningar, námskeið og fræðslufundi innan skólans og utan og fara í heimsóknir í aðra skóla, innan lands og utan. Meðal þess má nefna:

- Allir kennarar skólans sækja fræðslufundi um *fjölbreytta kennsluhætti*.
- Allir kennarar bóklegra greina í 2.-10. bekk eru að kynna sér kennsluaðferðina *Orð af orði* (HA).
- Kennarar yngstu barna (1. – 3. bekk) sækja námskeið og vinna eftir kennsluaðferðinni *Byrjendalæsi*.
- Kennurum er bent á og fá afhent **lesefni** um lestur og annað tengt læsi.
- Allir kennarar munu fá fræðslu árlega varðandi *lestrarerfiðleika*.
- Að hausti munu kennarar fá afhentan *gátlista* um einkenni lestrar- og skriftarerfiðleika.
- Allir kennarar fá fræðslu um nýjungar í *lesforritum*.

Á næstu árum verður unnið að því að allir kennarar Dalvíkurskóla tileinki sér það viðhorf að þeim beri að vinna að því að efla læsi nemenda. Kenna á orðaforða og hugtök sem tengjast hverri námsgrein. Vinna á markvisst að góðum mál- og lesskilningi nemenda í öllum námsgreinum og færni þeirra til að tjá sig um viðkomandi grein. Boðið verður upp á námskeið í hvernig standa á að því að kenna og efla mál- og lesskilning nemenda í gegn um faggreinakennslu.

Sérþekking – Ráðgjöf

Í Dalvíkurskóla starfa menntaðir **sérkennarar, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari og námsráðgjafi**. Ráðgjöf til **nemenda, foreldra þeirra og kennara** er í þeirra höndum. Þeir eiga að bregðast jafnt við fyrirspurnum eða óskum um ráðgjöf og hafa frumkvæði að því að **sinna fræðslu og veita ráðgjöf** þar sem þeir sjá þörf fyrir hana.

Ráðgjöfin snýst annars vegar um að aðstoða kennara við að aðlaga námsefni og tileinka sér kennsluhætti sem stuðla að auknu læsi nemenda og hins vegar um að kenna nemendum (og foreldrum) leiðir til að efla færni sína og að nýta sér hjálpartæki.